

Sp.

976. Nefndarálit

[289. mál]

um till. til pál. um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar.

Í nefndinni varð hins vegar nokkur umræða um ýmis atriði í greinargerð flm. með till. einkum þau að gert er ráð fyrir að læknir, sem skoðar brotþola, sé kona, svo og rannsóknarlögreglumaður sá er yfirheyrir hann, og einnig er gert ráð fyrir að lögreglu sé skylt að benda brotþola á aðstoð Kvennaathvarfs. Ekkert þessara þriggja atriða getur átt við nema brotþoli sé kona og einungis sé þess kostur og þess sé óskað.

Tillagan tekur til allra nauðgunarmála og því verður að gera ráð fyrir að réttur þeirra, sem fyrir kynferðislegu ofbeldi verða og varðar 203. gr. hegningarlaga, sé einnig tryggður á sama hátt, þ. e. að læknir og lögreglumenn, sem annast mál þeirra, séu þá sama kyns og brotþoli, sé þess óskað. Nefndin telur eðlilegt að þannig sé skipað til starfs í tilvikum sem þessum þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga um jafnrétti karla og kvenna, nr. 78/1976.

Alþingi, 17. maí 1984.

Ólafur P. Þórðarson,
form.

Þorsteinn Pálsson.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Guðmundur H. Garðarsson.
Eggert Haukdal.

Guðrún Helgadóttir,
frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.